

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1985

10. júlí 1985

319

Nr. 93

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 27. júní 1985 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 91. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Auk fyrrgreindra lágmarkseinkunna skal stúdent hljóta lágmarkseinkunnina 6,5 að meðaltali í öllum prófgreinum 1. árs. Nám í kennslugreinum 2. árs skal hefja að hausti, og skal stúdent þá hafa staðist próf í prófgreinum 1. árs, sem gilda að minnsta kosti 24 námseiningar. Viðskiptadeild ákveður, hvaða prófgreinum 1. árs unnt er að þreyta próf í samhliða námi í 2. árs greinum.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi. Breytingin tekur þó ekki til þeirra stúdenta sem stunduðu nám í viðskiptadeild háskólaárið 1984—1985.

Menntamálaráðuneytið, 10. júlí 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

16. október 1985

Nr. 94

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið.

Geir Hallgrímsson fer með utanríkisráðuneytið.

Albert Guðmundsson fer með iðnaðarráðuneytið.